

Sp.

121. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1968.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á fjárlagafrumvarpinu þegar á fyrstu dögum þingsins og hefur alls haldið 33 fundi um málið.

Auk fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin, svo sem jafnan áður, haft til athugunar og afgreiðslu fjölmörg erindi, sem til hennar hafa borizt frá ýmsum aðilum.

Fjárlagafrumvarp þetta er hið annað í röðinni, sem samið er á vegum þeirrar fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sett var á stofn innan fjármálaráðuneytisins á síðastliðnu ári.

Eins og frumvarpið ber með sér, er hér um gagngera breytingu á uppsetningu fjárlagafrumvarpsins að ræða, og er form þess nú að mestu leyti í samræmi við hin nýju lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þessi breyting hefur það í för með sér m. a., að í frumvarpinu eru nú margvíslegar tölulegar upplýsingar varðandi ríkisbúskapinn umfram það, sem áður hefur verið.

Við athugun nefndarinnar á frumvarpinu hefur hún notið aðstoðar og upplýsinga hagsýslustjóra, Gísla Blöndals. Hefur það auðveldað störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins.

Svo sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu, eru verulegar upphæðir gjalda- og teknamegin, sem við það eru miðaðar, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna samfara minnkandi þjóðartekjum. Með hliðsjón af því lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um efnahagsaðgerðir. Með frumvarpi þessu átti m. a. að tryggja áframhaldandi aðstoð við sjávarútveginn á sama hátt og átt hefur sér stað á yfirstandandi ári. Þegar svo til þess kom, hinn 24. nóvember s. l., að gengi íslensku krónunnar var fellt, var augljóst mál, að skapast höfðu ný viðhorf við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Það varð því ekki hjá því komizt að taka allt frumvarpið til endurskoðunar og endurreikna alla þá tekju- og útgjaldaliði, sem gengislækkunin hefur bein áhrif á.

Segja má, að nefndarmenn ásamt hagsýslustjóra og hagsýslustofnuninni hafi á undanförunum vikum unnið linnulaust að afgreiðslu málsins. Allt fyrir það hefur nefndinni ekki unnizt tími til að ljúka að fullu athugun sinni á nokkrum liðum frumvarpsins. Þar má nefna m. a. stofnkostnað við skólabyggingar, framlög til nýbyggingar hafna, framlög til almannatrygginga, eftirlaun, heiðursstyrki o. fl. auk einstakra erinda annarra. Biður afgreiðsla þeirra 3. umræðu.

Þá hefur ekki unnizt tími til að endurskoða að fullu tekjuliði frumvarpsins eða gera sér grein fyrir þeim breytingum, sem gengisbreytingin veldur á þeim. Niðurstöður þeirra athugana munu einnig liggja fyrir við 3. umræðu málsins.

Varðandi einstök fyrirtæki og stofnanir í B-hluta fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin þann fyrirvara á, að ekki var í öllum tilfellum unnt að kanna til fulls þær breytingar, sem gera þarf vegna gengislækkunarinnar.

Um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Varðandi breytingartillögur meiri hluta hennar skal það þó tekið fram, að minni hlutinn stendur einnig að samþykkt flestra þeirra tillagna, sem gerðar hafa verið, að öðru leyti en því, sem er bein afleiðing gengislækkunarinnar. Þeir munu því skila séráliti.

Samvinnunefnd samgöngumála mun skila tillögum sínum um styrki til flóa-báta og vöruflutninga á sérstöku þingskjali, svo sem venja er.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar:

Um breytingartillögurnar á gjaldabálki frumvarpsins í heild er það að segja, að vegna gengisfellingar hafa gjaldaliðir verið hækkaðir með þeim hætti, að laun

hafa verið hækkuð um 3.39%, viðhald um 10% og önnur rekstrargjöld um 20%. Framlög til vaxta af innlendum lánunum eru óbreytt, af verðtryggðum lánunum hækka vextir um 14.3% eða sem svarar lækkun sterlingspundsins. Af erlendum lánunum eru framlög til vaxta og afborgana hækkuð svo sem gengi segir til um.

Gengisbreytingin hefur ekki áhrif á framlög til gjaldfærðs stofnkostnaðar.

Á tekjuhlíð frumvarpsins falla niður eftirtaldir liðir: Farmiðaskattur 60 millj. kr., gjaldeyrisskattur 38 millj. kr. og arður af Pósti og síma 20 millj. kr., eða samtals 118 millj. kr.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á útgjaldaliðum fjárlagafrumvarpsins, sem nefndin leggur til og ekki eru bein afleiðing gengisbreytingarinnar.

Um 1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

Vegna Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum er lagt til að hækka launalið, 202 0 10, um 153 þús. kr. — Lagt er til, að önnur rekstrargjöld hjá Rannsóknaráði ríkisins, 209 0 50, hækki um 500 þús. kr. Skal þeim varið til að halda áfram rannsóknunum á sjóefnavinnslu. — Við grein 215, Kennaraskólinn, höfðu af vangá fallið niður 98 þús. kr. á vaxtalið og 393 þús. kr. á liðnum lánahreyfingar út. Lagt er til að taka þessar hækkanir inn í frumvarpið. — Til skíðakennslu í barnaskólum og í gagnfræðaskólum, 221 0 94 13 og 14, hækkar um 30 þús. kr. hvor liður. — Lagt er til að hækka iðnskóla, 244, um 2 243 þús. kr. vegna verknáms-skóla iðnaðarins í húsakynnum Landssmiðjunnar. — Launaliður Héraðsskólans í Reykjanesi, 253, hækkar um 166 þús. kr. — Launaliður Héraðsskólans að Laugarvatni hækkar um 160 þús. kr. vegna hjúkrunarkonu við skólana á Laugarvatni. — Á lið 331, vernd barna og ungmenna, er lagt til að fella niður liðinn: Skólaheimilið Bjarg 1 millj. kr. — Íþróttasamband Íslands, 334, er hækkað um 50 þús. kr. — 402, til lektora í íslenzku við erlenda háskóla, er lagt til að hækka um 65 þús. kr. vegna lektora við háskólann í Caen í Normandí. — Framlag til Norræna hússins í Reykjavík er hækkað um 375 þús. kr. — Launaliður Landsbókasafns, 601 0 10, hækkar um 40 þús. kr. Er það til aðstoðar á myndastofu, til skrásetningar bréfasafna á handritadeild o. fl. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 þús. kr. — Launaliður Þjóðminjasafns, 602 0 10, hækkar um 104 þús. kr., til þess að veftafræðingur safnsins fái fullt starf frá næstu áramótum, en hún hefur haft hálf fast starf. — Fjárveiting til tónlistarskóla er hækkuð um 700 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og þriggja nýrra skóla. — Eftirtaldir breytingar eru lagðar til á lið 999, ýmislegt, undir viðfangsefnum: Blöð og tímarit hækka um 30 þús. kr., þar af renna 10 þús. kr. til útgáfu á tímaritinu Veðrinu, sem er viðbótarframlag, og 20 þús. kr. renna til styrktar útgáfu á tímariti, sem einkum sé ætlað til að gefa ungu fólki tækifæri til að birta tilraunir sínar í listsköpun. — Lagt er til að veita 25 þús. kr. til að setja upp minnismerki af Guðmundi biskupi góða að Hólum, en á s. l. ári var sama upphæð veitt til minnisvarða um Svein Pálsson lækni. — Lagt er til, að ýmis félög hækki sem hér segir: Frjálsíþróttasamband Íslands fái 50 þús. kr., Svifflugfélag Íslands 100 þús. kr., Taflfélag Reykjavíkur 40 þús. kr., Skáksamband Íslands 75 þús. kr. og Glimusamband Íslands 75 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við söfnun heimilda og útgáfu rits um sögu íslenzku glímunnar. — Tekinn er upp nýr liður: 999 0 94 11 Til þátttöku í Ólympiuleikjunum 1968, síðari greiðsla, 300 þús. kr.

Um 1 03 Atvinnumálaráðuneytið.

201, Búnaðarfélag Íslands. Inn komi nýr liður: 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 500 þús. kr. Er það vegna djúpfrystingar á sæði. — 206 0 40, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, gjaldfærður stofnkostnaður, hækkar um 270 þús. kr., þar sem fallið hafði niður af vangá framlag til byggingar húss fyrir starfsmann

stofnunarinnar. — 217 0 40, Bændaskólinn á Hvanneyri, gjaldfærður stofnkostnaður, hækkar um 200 þús. kr. Er það leiðrétting. — Framlag til sauðfjárveikivarna, 243, er hækkað um 800 þús. kr. vegna hringskyrfis, fyrri greiðsla, og 360 þús. kr., sem eru eftirstöðvar af greiðslum vegna niðurskurðar á sauðfé í Dalasýslu. — 301 Fiskifélag Íslands. 0 10 Laun hækka um 200 þús. kr. vegna reikningaskrifstofunnar, sem nú er ákveðið, að verði endurskipulögð. Hefur slæðzt villa inn í breytingartillögur á þingskjali 110, þar sem gert er ráð fyrir að hækka liðinn „Yfirstjórn“ undir viðfangsefnum í stað liðarins „Reikningaskrifstofu sjávarútvegsins“ um fyrrnefndar 200 þús. kr. Er þetta leiðrétt á sérstöku þingskjali. — Á liðnum 322, Sjávarútvegur, framlög, er lagt til að fella niður undir viðfangsefnum þrjá liði: 06 Aðstoð við sjávarútveginn 80 millj. kr., 07 Áætlað til verðjöfnunar á sjávarafurðum 100 millj. kr. og 08 Til uppbóta á fiskverð 100 millj. kr. Samtals að upphæð 280 millj. kr. Er þetta vegna gengisfellingarinnar.

Um 1 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

211 Rannsóknastofa háskólans. Launaliður hækkar um 250 þús. kr. vegna ráðningar á sérfræðingi í meinafræði við stofnunina. — 213 Til sjúkrahúsa og lækna-bústaða, liðurinn til sveitarfélaga, 0 92, hækkar um 3 millj. 880 þús. kr. Samsvarandi hækkar liður 03 undir viðfangsefnum um sömu upphæð, þ. e. til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa. Enn fremur er í breytingartillögunum sundurliðun á þeim lið. — 219, ýmis heilbrigðismál, hækkar um 635 þús. kr., þar af hækkar liðurinn 0 92, til sveitarfélaga, um 400 þús. kr. og liðurinn 0 94, til einstaklinga, heimila og samtaka, um 235 þús. kr. Þessar hækkanir eru sundurgreindar í viðfangsefnum sem hér segir: 175 þús. kr. til námslána lækna-stúdenta, 200 þús. kr. til að bæta héraðslæknisþjónustu, 200 þús. kr. vegna héraðshjúkrunarkvenna, og loks er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður: 15 Umbúðasmíði vegna fatlaðra 60 þús. kr., en samsvarandi liður hefur verið í fjárlögum undanfarinna ára. — Lagt er til, að nokkrar hækkanir verði á 501 Þjóðkirkjan. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 575 þús. kr., önnur rekstrargjöld um 25 þús. kr., fyrirtæki í B-hluta um 150 þús. kr. og til einstaklinga, heimila og samtaka um 75 þús. kr. Undir viðfangsefnum skiptast þessar viðbótarfjárveitingar sem nú verður greint: Kirkjubyggingar (B-hluti) hækka um 150 þús. kr., kirkjugarðar (B-hluti) hækka um 21 þús. kr. á launalið. Lagt er til að hækka framlög til sumarbúða um 75 þús. kr. vegna væntanlegs skóla- og kennsluhalds á vegum Hólafélagsins og Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti við Vestmannsvatn. Teknir eru inn þrjár nýir liðir: 29 Hallgrímskirkja í Saurbæ 25 þús. kr., 32 Heimtaugagjöld á prestssetrum 75 þús. kr. og 33 Til útihúsa á prestssetrum 500 þús. kr., en tveir síðast töldu liðirnir höfðu fallið út af frumvarpinu af vangá.

Um 1 05 Félagsmálaráðuneytið.

Á lið 401 Sveitarfélög, framlög, er framlag til vatnsveitna hækkað um 1 millj. kr. — Vegna nýrra laga um Bjargráðasjóð er framlag til hans hækkað um 3½ millj. kr. — Einstakir liðir á viðfangsefnum undir 999, ýmis framlög, breytast sem hér segir: Barnavinafélagið Sumargjöf hækkar um 100 þús. kr. vegna Fóstruskóla félagsins. — Inn kemur nýr liður: 11 Kvenfélagasamband Íslands 650 þús. kr. og er það 150 þús. kr. hækkan frá s. l. ári, en framlag til sambandsins hafði fallið niður af vangá. — Framlag til Rauðakross Íslands hækkar um 145 þús. kr., m. a. vegna greiðslu á framlögum Rauðakrossins til ýmissa alþjóðastofnana. — Nýr liður: 43 Barnaheimilið á Lyngási, kennaralaun, 179 þús. kr. — Dagheimili, byggingarstyrki er lagt til að hækka um 20 þús. kr.

Um 1 06 Fjármálaráðuneytið.

Afborganir af lánum ríkissjóðs eru auknar um 2 millj. 079 þús. kr. á lið 602 Ýmis lán ríkissjóðs.

Um 1 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

152 Veðurstofan. Lagt er til að hækka launalið í loftskeytadeild um 117 þús. kr.

Um 6. gr.

Lagt er til að taka inn eftirtaldar heimildir: Að ábyrgjast fyrir Norðurstjórnuna h.f. í Hafnarfirði allt að 8.5 millj. kr. lán. Er heimilt að taka forgangshlutabréf í fyrirtækinu til tryggingar sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. — Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til að ljúka byggingu vegna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti. — Að endurgreiða Veðurstofu Íslands tolla og aðflutningsgjöld, samtals að fjárhæð 337 556 kr. vegna innflutnings tækja og áhalda, sem eru hluti af tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld af disilrafstöðvum, samtals 5 502 000 kr. — Að endurgreiða Surtseyjarfélaginu aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni frá Bandaríkjunum á árinu 1968. — Að ábyrgjast in solidum með öðrum eigendum Iceland Food Centre skuld að fjárhæð £ 20 000.0.0 við brezkan banka. — Að framselja án endurgjalds helming af hlutafjareign ríkissjóðs í Iceland Food Centre.

Alþingi, 8. des. 1967.

Jón Árnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Gunnar Gíslason.
Matthías Bjarnason.	Sverrir Júlíusson.	